

Garðabær
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆR

Garðabær, 24. september 2023
Málsnúmer: 202309-0002/0003
SS

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag fyrir Arnarland í Garðabæ.

Vísað er í erindi frá skipulagsfulltrúa Garðabæjar, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 31. ágúst 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna uppbyggingarreits í Arnarlandi. Stefnt er að uppbyggingu á blandaðri byggð á reitnum en í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu. Einnig barst beiðni um umsókn um deiliskipulag fyrir sama reit. Veitt er sameiginleg umsögn um aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagið.

Svæðið er óbyggt í dag og verður því grónu, lítt röskuðu svæði raskað. Svæðið er um 9 hektarar að stærð og í halla. Stofnbraut Hafnarfjarðarveggar aðskilur svæðið frá botni Kópavogs og fjörusvæðum undir vernd. Náttúrufræðistofnun var unnin á svæðinu við undirbúning deiliskipulags. Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að þar sé nokkuð fjölbreytt gróðurfar m.a. birki og víðiplöntur en alaskalúpína sé þar mjög útbreidd. Fuglalíf er metið fábreytt. Jökulruðningur einkennir jarðfræði svæðisins.

Náttúrufræðistofnun vill benda á tvö atriði varðandi náttúrufræðisins. Annars vegar hefur friðuð plöntutegund, blátoppa (*Sesleria albicans*) fundist á reitnum og í nágrenni hans, þó ekki í miklum mæli. Hins vegar má nefna að á reitnum er töluvert sílamáfsvarp. Varp sílamáfa er ekki friðað en með raski á varpsvæðinu mun varpið færast annað, ekki gott að segja hvert en mögulega í nálæg varpsvæði t.d. við Garðahraun. Mikilvægt er að framkvæmdir á reitnum hefjist utan varptíma t.d. að haust til að valda ekki skaða á eggjum og ungunum.

Skipulagið mun breyta ásýnd svæðisins mikið og meta þarf landslagsáhrif vandlega. Einnig þarf að taka tillit til þess að háar byggingar geta aukið áflugshættu fyrir fugla en töluverð umferð t.d. and- og máffugla er um svæðið enda auðugt fuglalíf á fjörusvæðum Kópavogs og einnig sækja fuglar mikið í Kópavogslæk. Á framkvæmdatíma þarf að gæta þess að losun jarðvegs og úrgangs af svæðinu auki ekki hættu á að alaskalúpína berist inn á gróðursvæði þar sem hún er ekki til staðar í dag, en hún er nú þegar mjög áþeng víða á höfuðborgarsvæðinu.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna eða deiliskipulagið.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

